

Miðvikudaginn 6. febrúar 1952.

Nr. 172/1950. **Fiskiðjuver ríkisins** (Theódór B. Línal)

gegn

**Eimskipafélagi Íslands h/f**

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Farmgjald.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1950 að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 19. s. m. Gerir hann eftirtaldar kröfur:

*Aðalkrafa:* Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju.

1. *varakrafa:* Að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda.

2. *varakrafa:* Að kveðið verði á um það, að honum beri einungis að greiða farmgjald eftir vegalengd.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki flutt fram haldbær rök fyrir ómerkingarkröfu sinni, og verður hún ekki tekin til greina.

Í áfrýjunarstefnu er einungis krafizt ómerkingar dómsins. Kveður áfrýjandi þetta hafa orðið af mistökum. Tilætlunin hafi verið að áfrýja dóminum til breytingar, ef ómerkingarkrafan yrði ekki tekin til greina. Umboðsmaður stefnda segir, að sér og umbjóðanda sínum hafi verið ljóst, að áfrýjandi vildi áfrýja einnig til breytingar dóminum, ef til þess kæmi. Að svo vöxnu máli þykir mega dæma málið að efni til í Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi stutt varakröfur sínar með því, að skipstjórnarmenn á e/s Brúarfossi hafi átt sök á

strandi skipsins á Húnaflóa hinn 11. apríl 1948. En úrlausn þessa atriðis skiptir ekki máli, með því að stefndi hefur í farmskírteini undanþegið sig ábyrgð á mistökum skipstjórnarmanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskiðjuver ríkisins, greiði stefnda, Eimskipafélagi Íslands h/f, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur h/f Eimskipafélag Íslands höfðað gegn stjórn Fiskiðjuvers ríkisins með stefnu, útgefinni 14. október 1948, til greiðslu á farmgjaldi að upphæð £ 677-17-9 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins. Undir rekstri málsins hefur stefnandi gert þá varakröfu með samkomulagi við stefnda, að dómurinn skeri úr því sérstaklega, hvort stefnda beri skylda til þess að greiða vegalengdarfarmgjald samkvæmt 165. gr. siglingalaganna. Samþykkti dómurinn eftir atvikum þá skiptingu sakarefnis, er fram kemur í varakröfu stefnanda, sbr. 71. gr., 5. mgr., laga nr. 85 23. júní 1936.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest 16. október 1948. Með úrskurði, uppkveðnum 19. október 1949, vék hinn reglulegi formaður dómsins, Einar Arnalds borgardómari, sæti í málinu. Var Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri skipaður í hans stað sem setudómari í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. apríl s.l. Hefur hann síðan farið með og dæmt í máli þessu ásamt meðdómendum, þeim Hafsteini Bergþórssyni og Jóhanni Ólafssyni, forstjórum.

Málsatvik eru í höfuðatriðum þau, að í aprílmánuði 1948 tók stefnandi, h/f Eimskipafélag Íslands, að sér að flytja út fisk fyrir ýmsa fiskútflytjendur, þ. á m. fryst þorskflök fyrir stefnda, Fiskiðjuver ríkisins. Fór skip stefnanda e/s Brúarfoss til Súgandafjarðar og veitti þar viðtöku þann 10. apríl 1948 2283 kössum af þorskflökum, sem voru eign stefnda. Fisk þenna

skyldi flytja til Boulogne í Frakklandi. Eftir að fermingu var lokið í Súgandafirði, hélt e/s Brúarfoss áfram ferð sinni norður og austur fyrir Vestfirði, en hinn 11. apríl strandaði skipið á Húnaflóa. Var því siglt frá strandstaðnum til Djúpavíkur, en þar fór fram á því bráðabirgðaviðgerð. E/s Brúarfoss reyndist eftir strand þetta ekki fært til þess að halda áfram hinni fyrirhuguðu ferð til Frakklands.

Hinn 14. apríl s. á. mættu umboðsmenn farmeigenda, þ. á m. stefnda, og váttryggjenda hjá h/f Eimskipafélagi Íslands og undirrituðu beiðni til félagsins um, að það útvegaði annað skip, er tæki farminn úr Brúarfossi og flytti hann á ákvörðunarstað. Varð félagið við þeirri beiðni og lét skip sitt m/s Goðafoss taka farminn úr e/s Brúarfossi og flytja hann til útlanda.

Stefnandi telur nú, að stefnda beri að greiða fullt flutningsgjald af farmi þeim, er e/s Brúarfoss tók til flutnings fyrir stefnda, eins og ef skipið hefði lokið við flutning farmsins til ákvörðunarstaðar. Nemur farmgjaldið, ef það væri greitt að fullu, hinni umstefndu upphæð, £ 677-17-9.

Til stuðnings kröfum sínum á hendur stefnda bendir stefnandi á, að í farmskírteini, sem gefið var út fyrir farminum, að vísu nokkrum dögum eftir strandið, eða 14. apríl 1948, sé m. a. að finna svohljóðandi ákvæði: „All freights are payable, ship lost or not lost.“ Telur stefnandi, að ákvæði þetta verði ekki skilið á annan veg en þann, að farmeiganda beri skilyrðislaus skylda til þess að greiða farmgjald af þeirri vöru, sem komin er um borð í skip, enda þótt ytri aðstæður, svo sem strand skipsins, valdi því, að ekki reynist unnt að koma farminum til ákvörðunarstaðar. Þá sé einnig á það að líta, að hér sé um viðtekna venju að ræða í viðskiptum milli málsaðilja, bæði um útgáfutíma farmskírteinis og efni þess, enda hafi stefnandi í 5 skipti áður tekið við fiski til flutnings fyrir stefnda.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi ekki látið þá þjónustu í té, sem um var samið, þvert á móti hafi farmurinn verið enn fjær ákvörðunarstað, er e/s Brúarfoss strandaði, heldur en hann var, þegar skipið veitti honum viðtöku. Skipið hafi ekki getað lokið flutningi farmsins á þann stað, er um var samið, og stefnandi hafi því orðið að rifta samningnum. Hér sé því um að ræða atvik, er samkvæmt siglingalögnum leiði til þess eins, að farmgjald beri að greiða eftir vegalengd, ef nokkurt farmgjald beri að greiða. Stefndi bendir og á, að farmskírteini hafi eigi verið útgefið fyrr en eftir að e/s Brúarfoss strandaði, eða nánar tiltekið 14. apríl. Hafi stefndi því eigi átt þess kost að sjá skilmála þá, er greinir í farmskírteininu. Þar að auki sé ákvæði það í farmskírteininu, er stefnandi byggir kröfu sína á „all freights are payable ship lost or not lost“, ritað á ensku, smáprentað og lítt læsilegt aftan á farmskírteininu, samið af stefnanda sjálfum, án þess að það hafi á nokkurn hátt verið sérstaklega kunnert stefnda eða eftirtekt hans á því vakin. Orðalagið sé og annaðhvort óljóst eða samningurinn, sem í því á að felast, ekki í samræmi við grundvallarreglur íslenzks réttar. Telur stefndi því eðlilegast að beita hér reglum siglingalaganna.

Dómurinn lítur svo á, að eigi sé unnt að telja sérstaka hættu hafa stafað af för e/s Brúarfoss til Djúpavíkur, enda var farmsendara og kunnugt um að taka átti farm á mörgum höfnum, áður en haldið væri til hins endanlega ákvörðunarstaðar. Eigi verður heldur reiknað með því, að forstöðumanni stórfyrirtækis, er hefur með höndum umfangsmikil útflutningsviðskipti, sé ókunnugt um svo algengt ákvæði í farmskírteinum, sem ákvæðið „all freights are payable ship lost or not lost“ er, eða kynni sér eigi þá skilmála, er farmflytjandi setur og undanþiggi sig þeim ákvæðum, sem hann vill eigi una við. Dómurinn telur enn fremur, að dráttur sá, er varð á útgáfu farmskírteinis fyrir farmi þeim, sem veitt var viðtaka í e/s Brúarfoss á Súgandafirði, skipti heldur ekki máli, þegar það er virt, að stefndi hafði áður samtals 5 sinnum á tímabilinu frá 6. júní 1947 til 12. marz 1948 haft samskonar viðskipti við stefnanda, en í þeim viðskiptum voru farmskírteini ekki gefin út, fyrr en allir farmar voru komnir um borð í skip. Stefndi hafði því eigi ástæðu til að ætla, að breytt yrði um fyrri venju í þessum efnum, nema sérstaklega væri um það samið.

Með hliðsjón af framangreindu lítur dómurinn svo á, að samningur sá, er gerður var milli stefnanda og stefnda um fiskflutning með e/s Brúarfossi til Frakklands í aprilmánuði 1948 hafi að efni til verið samhljóða farmskírteini, útgefnu 14. apríl s. á., og beri stefnda því að greiða stefnanda £ 677-17-9 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1948 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Af þeim ástæðum, sem nú hefur verið lýst, kemur varakrafa eigi til álita.

#### Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðjuver ríkisins, greiði stefnanda, h/f Eimskipafélagi Íslands, £ 677-17-9 með 6% ársvöxtum frá 14. október 1948 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.